

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fyrir tengingu fráveitu og heimæðargjald vatnsveitu Húnabyggðar.

1. gr.

Húnabyggð innheimtir stofngjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð (áður Blönduósþær og Húnavatnshreppur) nr. 228/2007 og heimæðargjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2007.

2. gr.

Stofngjald fráveitu fyrir hverja heimtaug í sérbylishúsalóð er 302.500 kr. Fyrir aðrar lóðir greiðast 363.000 kr. miðað við stærð heimtaugar allt að 150 mm. Gjald fyrir stærri heimtaugar er reiknað út hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar.

Um rotþrær fer samkvæmt ákvæðum II. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð (áður Blönduósþær og Húnavatnshreppur) nr. 228/2007.

3. gr.

Gjöld fyrir heimæðar vatnsveitu miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðargjald:	159.500 kr.	192.500 kr.	247.500 kr.	380.000 kr.	480.000 kr.

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm er reiknað út hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um rekstur fráveitna, með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð og samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár fyrir stofngjöld, tengigjöld og heimæðargjöld í Húnabyggð (áður Blönduósþær og Húnavatnshreppur). Gjaldskráin var staðfest á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 12. desember 2023.

Húnabyggð, 28. desember 2023.

Pétur Arason sveitarstjóri.